

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 548/2010 um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Ný málsgrein bætist við 1. gr. reglnanna, svohljóðandi:

Heimilt er stjórn Viðskiptafræðistofnunar með samþykki stjórnar félagsvísindasviðs að ákveða að skipta stofnuninni í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur. Stjórn Viðskiptafræðistofnunar setur stofum starfsreglur, sbr. 3. tölulið 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, að fenginni tillögu viðskiptafræðideildar og stjórnar félagsvísindasviðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. apríl 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 5. maí 2025